

Greinargerð með samþykktabreytingum

Tillögur stjórnar að samþykktabreytingum
Lagðar fram á ársfundi 29. mars 2022 til samþykktar



Greinargerð með samþykktabreytingum

Samþykktar af stjórn 25. febrúar 2022 – Lagðar fram á ársfundi 29. mars 2022 til samþykktar

Efnisyfirlit

| | | |
|-----|--|----|
| 1 | Almennar skýringar | 6 |
| 1.1 | Inngangur | 6 |
| 1.2 | Innleiðing samþykktabreytinga | 6 |
| 1.3 | Yfirlit yfir inntak breytinga | 7 |
| | Ýmsar lagfæringar og uppfærslur | 7 |
| | Fjórar breytingar varðandi lífeyrisréttindi, aðrar en þær sem varða hækkandi lífaldur sjóðfélaga | 7 |
| | Innleiðingar nýrra dánar- og eftirlifendataflna | 8 |
| | Um innleiðingu réttindabreytinga vegna nýrra dánar- og eftirlifendataflna | 8 |
| 2 | Skýringar varðandi breytingar á einstökum ákvæðum | 9 |
| 2.1 | 3. gr. - Deildarskipting | 9 |
| | Gr. 3.1 | 9 |
| 2.2 | 5. gr. – Stjórn og framkvæmdastjóri | 9 |
| | Gr. 5.9. | 9 |
| | Gr. 5.14 | 9 |
| 2.3 | 6. gr. – Ársfundur | 10 |
| | Gr. 6.2. | 10 |
| | Gr. 6.6.1.4. | 10 |
| 2.4 | 8. gr. – Tryggingafræðileg athugun | 10 |
| | Gr. 8.1. | 10 |
| | Gr. 8.3. | 10 |
| 2.5 | 9. gr. – Ráðstöfun fjármagns | 10 |
| | Gr. 9.1. | 10 |
| | Gr. 9.3. | 10 |
| 2.6 | Gr. 10 – lögjöld | 10 |
| | Gr. 10.2. | 10 |
| | Gr. 10.4. | 10 |



| | |
|---|----|
| Gr. 10.5..... | 11 |
| Gr. 10.8..... | 11 |
| Gr. 10.11..... | 11 |
| 2.7 11. gr. – Grundvöllur lífeyrisréttinda..... | 11 |
| Gr. 11.1..... | 11 |
| Gr. 11.2. og 11.3..... | 11 |
| Gr. 11.17..... | 11 |
| Gr. 11.8..... | 11 |
| 2.8 12. gr. – Ellilífeyrir..... | 12 |
| Gr. 12.1..... | 12 |
| Gr. 12.3..... | 12 |
| Gr. 12.4..... | 12 |
| Gr. 12.5..... | 12 |
| Gr. 12.7..... | 12 |
| Gr. 12.9 (var gr. 12.10). | 12 |
| Gr. 12.11..... | 12 |
| 2.9 Breyting á gr. 13 – Öorkulífeyrir..... | 12 |
| Gr. 13.3..... | 12 |
| Gr. 13.4..... | 13 |
| Gr. 13.5..... | 13 |
| Gr. 13.6..... | 13 |
| Gr. 13.7..... | 13 |
| Gr. 13.8..... | 13 |
| Gr. 13.10..... | 13 |
| Gr. 13.11..... | 13 |
| Gr. 13.12..... | 14 |
| 2.10 Gr. 14 – Makalífeyrir..... | 14 |
| Gr. 14.1..... | 14 |
| Gr. 14.2..... | 14 |
| Gr. 14.4..... | 14 |



| | |
|--|----|
| Gr. 14.7..... | 14 |
| Gr. 14.10..... | 14 |
| 2.11 Breyting á gr. 15 – Barnalífeyrir | 14 |
| Gr. 15.1..... | 14 |
| Gr. 15.2. (áður grein 15.3)..... | 14 |
| Gr. 15.3. (áður grein 15.2)..... | 15 |
| Gr. 15.5..... | 15 |
| 2.12 Breyting á gr. 16 – Tilhögun lífeyrisgreiðslna..... | 15 |
| Gr. 16.1..... | 15 |
| Gr. 16.7..... | 15 |
| Gr. 16.8..... | 15 |
| Gr. 16.9..... | 16 |
| 2.13 Breyting á gr. 17 – Endurgreiðsla iðgjalda | 16 |
| Gr. 17.1..... | 16 |
| 2.14 Breyting á gr. 19 – B deild, séreignardeild | 16 |
| Gr. 19.3.1..... | 16 |
| Gr. 19.3.2..... | 16 |
| Gr. 19.3.3. (verður gr. 19.3.2.)..... | 16 |
| Gr. 19.3.4. (verður gr. 19.3.3.)..... | 16 |
| Gr. 19.4..... | 17 |
| 2.15 Breyting á gr. 20 – C deild, tilgreind séreign..... | 17 |
| Gr. 20.2..... | 17 |
| Gr. 20.4.1..... | 17 |
| Gr. 20.4.2..... | 17 |
| Gr. 20.4.3..... | 17 |
| 2.16 Breyting á gr. 21 – Upplýsingaskylda | 17 |
| Gr. 21.1 og 21.2 | 17 |
| 2.17 Gr. 24 – Breytingar á samþykktum | 17 |
| Gr. 24.1..... | 17 |
| 2.18 Gr. 25 – Gildistaka..... | 17 |



| | |
|--|----|
| Gr. 25.1..... | 17 |
| Gr. 25.2..... | 18 |
| Gr. 25.3..... | 18 |
| 2.19 Nýtt ákvæði til bráðabirgða | 18 |
| 3 Um viðauka A – Réttindatöflur I og II, réttindaávinnsla..... | 18 |
| 4 Um viðauka B – Breyting á áunnum lífeyrisréttindum..... | 18 |
| 4.1 Nánar um útfærslu réttindabreytinganna | 18 |



Greinargerð með samþykktabreytingum 2022

Tillögur samþykktar af stjórn 25. febrúar 2022

1 Almennar skýringar

1.1 Inngangur

Stjórn samþykkti breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) á stjórnarfundi 25. febrúar 2022.

Inntak breytinganna er í grunninn þrjúþætt:

- Ýmsar lagfæringar og uppfærslur á einstaka ákvæðum sem fela í sér afmarkaðar eða engar efnislegar breytingar.
- Breytingar á réttindaákvæðum sem eru liður í þróun á lífeyrisvörum sjóðsins.
- Innleiðing á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum í tryggingafræðilegri athugun og aðlögun réttindakerfis A-deildar, sameignardeildar sjóðsins, að hækkandi lífaldri, sem og sérstök hækkun áunninna réttinda.

Í greinargerð þessari eru skýringar á inntaki breytinga einstaka ákvæða.

Jafnframt fylgir mat tryggingastærðfræðings LV á áhrifum breytinga á samþykktunum á getu lífeyrissjóðsins til að greiða lífeyri, sbr. ákvæði 3. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir vísað til sem lífeyrissjóðalögin eða lsjl.)

1.2 Innleiðing samþykktabreytinga

Varðandi innleiðingu samþykktabreytinga sem samþykktar voru af stjórn 25. febrúar 2022 er gert ráð fyrir eftirfarandi tímalínu:

Verkpáttur

| | | |
|------|-------------------------|--|
| i) | 25. febrúar 2022 | Stjórn samþykkir breytingar á samþykktum. |
| ii) | 1. mars | Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sendar aðildarsamtökum LV til samþykktar. |
| iii) | 8. mars | Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum kynntar á fulltrúaráðsfundi LV. |
| iv) | 29. mars | Tillögur stjórnar lagðar fyrir ársfund LV til kynningar og samþykktar. |
| v) | 30. mars | Samþykktabreytingar sendar fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Ráðuneytið aflar umsagnar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Í framhaldi af því er vænst staðfestingar ráðherra á breytingunum. |



| | | |
|-------|--------------------|---|
| vi) | Í mars | • Kallað eftir samþykki aðildarsamtaka LV fyrir breytingunum. |
| vii) | Apríl – ágúst | Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra á samþykktabreytingum. |
| viii) | Apríl – september | Innleiðing samþykktabreytinga að frátöldum réttindatöflum skv. viðauka A við samþykktir LV. |
| ix) | Áramótin 2022/2023 | Innleiðing nýrra réttindataflna í viðauka A við samþykktir LV. |

1.3 Yfirlit yfir inntak breytinga

Ýmsar lagfæringar og uppfærslur

Lagðar eru til ýmsar breytingar á texta samþykktanna sem geta talist lagfæringar eða uppfærsla á texta. Þannig er til dæmis verið að gera texta og uppbyggingu samþykktanna aðgengilegri, felld eru út nokkur ákvæði sem þjóna ekki lengur tilgangi sínum, ákvæði um verðtryggingu eru gerð skýrari og skerpt er á orðalagi á nokkrum stöðum.

Varðandi nánari skýringar er vísað til skýringa við breytingar á einstökum ákvæðum í kafla 2.

Fjórar breytingar varðandi lífeyrisréttindi, aðrar en þær sem varða hækkandi lífaldur sjóðfélaga

- i) **Upphafsaldur lífeyris færður til 60 ára aldurs.** Lagt er til að heimilt verði að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri í stað 65 ára aldurs. Með því er sveigjanleiki til töku lífeyris aukinn. Breytingin er til samræmis við ákvæði í samþykktum margra annarra lífeyrissjóða. Breytingarnar varða grein 12.1 og 12.9.
- ii) **Endurreikningur lífeyris tíðari,** varðar sjóðfélaga sem hafa hafið töku ellilífeyris en halda áfram að ávinna sér réttindi vegna launatekna. Mælt er fyrir um að endurreikningur skuli fara fram árlega við upphaf hvers aldursárs. Samkvæmt gildandi samþykktum er útreikningurinn framkvæmdur við 67 og 70 ára aldur. Breytingin varðar grein 12.5.
- iii) **Bætt örorkuþrygging sjóðfélaga.** Framreikningsréttur vegna örorkulífeyris er mikilvæg tryggingarvernd. Skilyrði fyrir henni er m.a. sú að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og 6 mánuði undanfarna 12 fyrir orkutap. Rétturinn fellur því niður þegar iðgjaldsgreiðslur falla niður í nokkurn tíma. Það getur m.a. varðað sjóðfélaga sem hafa öðlast rétt til framreiknings en iðgjaldsgreiðslur falla niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna eftir mati sjóðsins. Ef hlé á iðgjaldsgreiðslum sjóðfélaga sem svo er ástatt um varir skemur en 36 mánuði skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði, í stað þriggja ára, frá því að hann hefur aftur greiðslu iðgjalds til sjóðsins. Breytingin varðar grein 13.8.
- iv) **Lágmarksréttur til makalífeyris er aukinn.** Hann er nú að lágmarki 36 mánuðir. Lagt er til að við þann rétt bætist hálfur makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar. Breytingin eykur þannig afkomuþryggingu eftirlifandi maka. Breytingin varðar grein 14.2. Eins og fram kemur í 14. gr. er makalífeyrir í mörgum tilvikum greiddur mun lengur en nemur



lágmarkstíma. Þannig er makalífeyrir t.d. greiddur til 23. ára aldurs yngsta barns, enda sé það á framfæri makans.

Innleiðingar nýrra dánar- og eftirlifendataflna

Alla 20. öldina hefur meðalævilengd sífellt verið að aukast hjá nær öllum þjóðum og þjóðfélagshópum. Það gildir einnig á Íslandi. Þetta veldur því að tímabilið frá lífeyristöku til dánardags er sífellt að lengjast. Þar með þurfa eignir lífeyrissjóðanna að endast lengur en áður og þar sem lífeyririnn dreifist á lengri tíma verður minni fjárhæð til ráðstöfunar á hverju ári.

Þrátt fyrir þessa þróun hafa Íslendingar til þessa notast við svonefndar dánar- og eftirlifendatöflur (einnig kallaðar lífslíkutöflur) sem gera ráð fyrir því að dánartíðni verði eins um alla framtíð eins og þær hafa verið á undanförunum árum.

Í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar dánar- og eftirlifendatöflur með spá um lækkandi dánartíðni. Mat á lífslíkum sjóðfélaga er ein mikilvægasta forsendan við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða og er auk þess mikilvæg til að tryggja að jafnræði ríki á milli aldurshópa hjá sjóðunum. Sé ekki stuðst við lífslíkur með framtíðarspá er hættu á að skuldbindingar þeirra yngri séu vanmetnar meira en skuldbindingar eldri sjóðfélaga. Framtíðarspá sem tekur tillit til lækkandi dánartíðni er því forsenda þess að tryggja kynslóðajafnræði meðal sjóðfélaga.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á samþykktum sjóðsins til að laga réttindaávinnslu sameignardeildar að nýjum viðmiðum fyrir lífaldur.

Um innleiðingu réttindabreytinga vegna nýrra dánar- og eftirlifendataflna

Áunnin lífeyrisréttindi í sameignardeild LV, annarra en barnalífeyrisþega, voru hækkuð um 10% í nóvember 2021. Þær samþykktabreytingar sem hér eru til umfjöllunar gera ráð fyrir:

- i) Nýjum réttindatöflum þar sem ávinnsla mánaðarlegs lífeyris lækkar en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar lifi lengur og þeir fái því greiddan ellilífeyri í lengri tíma.
- ii) Áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru lækkuð, mest hjá yngstu sjóðfélögum og lækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru eldri. Lækkunin er minnst hjá sjóðfélögum sem eru 65 ára og eldri en sá hópur er kominn með rétt til töku ellilífeyris. Ástæðan fyrir þessum mun liggur í því mati að lífaldur yngri sjóðfélaga sé að hækka meir en þeirra sem eldri eru.
- iii) Þá eru áunnin lífeyrisréttindi í sameignardeild hækkuð um 12%, að frátöldum barnalífeyri. Hækkunin leiðir af sterkri tryggingafræðilegri stöðu.

Samanlagt mynda framangreindar breytingar eina heild á réttindakerfi sameignardeildar LV sem kemur til framkvæmda í áföngum frá nóvember 2021 til ársloka 2022.



Taflan sýnir heildaráhrif framangreindra breytinga eftir aldurshópum.

| Aldur | Hækkun áunninna réttinda 2021 | Jöfnun réttinda vegna réttindabreytinga | Hækkun áunninna réttinda 2022 | Alls |
|---------------|-------------------------------|---|-------------------------------|-------|
| Lífeyrisþegar | 10,0% | -4,3% | 12,0% | 17,9% |
| 60 | 10,0% | -6,6% | 12,0% | 15,1% |
| 50 | 10,0% | -9,2% | 12,0% | 11,9% |
| 40 | 10,0% | -11,0% | 12,0% | 9,6% |
| 30 | 10,0% | -12,3% | 12,0% | 8,0% |
| 20 | 10,0% | -13,4% | 12,0% | 6,7% |

Þannig hækka réttindi þeirra sem eru komnir með virkan ellilífeyrisrétt, þ.e. 65 ára og eldri um 18% í heildina. Hækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru yngri. Það stafar af því að spár gera ráð fyrir því að þeir lifi lengur en þeir sem eldri eru og því megi þeir vænta mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna í lengri tíma.

Unnt er að sjá áhrif á áunninn réttindi sjóðfélaga fyrir hvert aldursár í töflu í viðauka B við samþykktirnar eins og þau verða samkvæmt þeim breytingum sem hér eru til umfjöllunar.

Framangreindar breytingar lúta einkum að grein 11.1 og viðaukum í samþykktum. Ítarlega er gerð grein fyrir innleiðingunni í skýringum við breytingar á viðaukunum.

Rétt er að áréttu að jöfnun réttinda felur ekki í sér skerðingu á verðmæti réttinda sjóðfélaga. Þau haldast óbreytt, en með vaxandi ævilengd þurfa fjármunirnir sem að baki liggja að endast lengur en áður.

2 Skýringar varðandi breytingar á einstökum ákvæðum

2.1 3. gr. - Deildarskipting

Gr. 3.1

Bætt er við tilvísun til gr. 10.3. varðandi C-deildina, til samræmis við orðalag í ákvæði fyrir B-deild. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

2.2 5. gr. – Stjórn og framkvæmdastjóri

Gr. 5.9.

Tilvísun til leiðbeininga um stjórnarhætti er uppfærð. Breytingin þarfnast ekki skýringar.

Gr. 5.14

Um almennt og sérstakt hæfi stjórnarmananna sem LV styður til stjórnarsetu í einstökum félögum er vísað til félagaréttar og sérreglna viðkomandi félaga. Með þeirri breytingu sem lögð er til er bætt við tilvísun til sjónarmiða sem fram kom á í stefnum og viðmiðum LV. Er til að mynda verið



að vísa til hluthafastefnu LV og svipaðra stefna. Breytingin er til áréttingar en í raun er ekki um efnisbreytingu að ræða.

2.3 6. gr. – Ársfundur

Gr. 6.2.

Lagt er til að sjóðfélagar sem eiga eingöngu réttindi í C-deild (tilgreind séreign) eigi sjálfstæðan rétt til setu á ársfundum með sama hætti og sjóðfélagar í A-deild (sameignardeild) og B-deild (almenn séreign). Það er gert til að tryggja þeim sem eiga sameignarréttindi og almenna séreign í öðrum sjóðum eða hjá öðrum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar rétt til fundarsetu.

Gr. 6.6.1.4.

Lagt er til að tilvísun til fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs verði felld brott. Það er til samræmis við lög, þ.e. ekki er áskilnaður um þennan dagskrárlið í lögum.

2.4 8. gr. – Tryggingafræðileg athugun

Gr. 8.1.

Tilvísun til A-deildar er ekki efnisbreyting heldur til áréttingar og þarfnast breytingin ekki skýringar. Sama gildir um tilvísun til tryggingastærðfræðings í stað tryggingafræðings.

Gr. 8.3.

Tilvísun til tryggingastærðfræðings í stað tryggingafræðings, er ekki efnisbreyting og þarfnast ekki skýringar.

2.5 9. gr. – Ráðstöfun fjármagns

Gr. 9.1.

Til áréttingar er bætt við tilvísun til gr. 20.5. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 9.3.

Lagt er til að tilvísun til fjárhagsáætlunar verði felld út. Um er að ræða tvítekningu, sbr. gr. 6.6.1.4. Það láðist að fella ákvæðið brott þegar breytingar voru gerðar á 6. grein samþykktá LV árið 2021.

2.6 Gr. 10 – Iðgjöld

Nýjar millifyrirsagnir í greininni fela eingöngu í sér formbreytingu og eru ætlaðar til að auðvelda lesanda samþykktanna að finna viðeigandi ákvæði.

Gr. 10.2.

Tilvísun til ákvæði í lögum um tekjuskatt er lagfærð. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 10.4

Tilvísun til ákvæðis breytt til áréttingar í gr. 20.4 í stað gr. 20. Breytingin er ekki efnisleg og þarfnast ekki skýringar.



Gr. 10.5

Til áréttingar er bætt við tilvísun til A-deildar sjóðsins, eftir sem áður er heimilt að greiða iðgjöld til séreignardeildar eftir 70 ára aldur samkvæmt samningi. Breytingin þarfnast ekki skýringar.

Gr. 10.8

1. mgr.: Áskilnaður um að birta auglýsingu vegna mögulegra vangoldinna iðgjalda er felldur brott. Ekki er lögskilt að birta slíka auglýsingu og telja verður að eftirlit Ríkisskattstjóra ásamt hlutverki lífeyrissjóðs sem innheimtuaðila sé fullnægjandi.

2. mgr.: Breyting á orðalagi felur ekki í sér efnisbreytingu. Er til samræmis við orðanotkun í lögum 129/1997, og þarfnast ekki skýringar.

3. mgr.: Með breytingunni er verið að búa í haginn fyrir mögulegar breytingar á lögum eða öðrum gildum reglum sem myndu heimila lífeyrissjóðum að senda yfirlit eingöngu rafrænt þó ekki lægi fyrir sérstakt samþykkti viðkomandi sjóðfélaga.

Gr. 10.11

Bætt er inn til áréttingar tilvísun til gr. 10.2. Ekki er um efnisbreytingu að ræða og er tilvísunin til samræmis við ákvæði laga 129/1997.

2.7 11. gr. – Grundvöllur lífeyrisréttinda

Nýjar millifyrirsagnir í greininni fela eingöngu í sér formbreytingu og eru ætlaðar til að auðvelda lesanda samþykktanna að finna viðeigandi ákvæði.

Gr. 11.1

Tilvísun til taflna I til IV er breytt í tilvísun til taflna I og II þar sem töflum í viðauka A er fækkað úr 4 í 2 með sameiningu á töflum II til IV. Texti aðlagður að nýjum réttindatöflum í viðauka A.

Gr. 11.2. og 11.3.

Hér er um formbreytingu að ræða. Til að auka skýrleika verður grein 11.3 gr. 11.2 og grein 11.2 verður grein 11.3.

Jafnframt er gerð breyting á gildandi greinum 11.2 og 11.3. Breytingar á ákvæðunum eru ekki efnislegar og þarfnast ekki skýringa.

Gr. 11.17

Fjárhæð meðaliðgjalds er uppfærð í takt við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Þá er ákvæði varðandi tengingu við vísitölu sett inn í ákvæðið í stað ákvæðis í gr. 16.8 sem felur brott. Um nánari skýringu er vísað til skýringar við gr. 16.8.

Gr. 11.8.

Bætt er við til áréttingar bókstafnum A fyrir aftan orðið „viðauka“. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.



2.8 12. gr. – Ellilífeyrir

Nýjar millifyrirsagnir í greininni fela eingöngu í sér formbreytingu og eru ætlaðar til að auðvelda lesanda samþykktanna að finna viðeigandi ákvæði.

Gr. 12.1

Breytingin felur í sér að mögulegur upphafsaldur vegna töku lífeyris er færður úr 65 árum í 60 ár. Með því er sveigjanleiki til töku lífeyris aukinn. Breytingin er til samræmis við ákvæði í samþykktum margra annarra lífeyrissjóða. Samkvæmt ákvæðinu ber sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris fyrir 80 ára aldur. Það er í samræmi við gildandi ákvæði, sbr. grein 12.4 í gildandi samþykktum.

Gr. 12.3.

Grein 12.3 er felld brott. Í stað hennar kemur nýtt ákvæði sem kemur að mestu í stað greinar 12.3 og 12.4.

Gr. 12.4.

Gildandi grein 12.4 er felld brott en efni hennar kemur fram í breyttri grein 12.1. og grein 12.3. Efni greinar 12.9 kemur í stað hinnar brottföllnu greinar en skýrara þykir að hafa það ákvæði framar í 12. gr. en nú er.

Gr. 12.5

Tilgangurinn með breytingu á ákvæðinu er að gera útreikning á réttindum sjóðfélaga sem hafið hefur töku ellilífeyris skilvirkari. Í stað þess að endurreikna áunninn rétt við 67 og 70 ára aldur verður hann endurreiknaður árlega í afmælistánuði viðkomandi sjóðfélaga. Til áréttingar er vísað til töflu I í viðauka A.

Gr. 12.7.

Breytingin er ekki efnisleg og þarfnast ekki skýringar.

Gr. 12.9 (var gr. 12.10).

Aldursmark vegna hálf lífeyris er fært úr 65 ára til 60 ára aldurs í samræmi við breytingu á almennum lífeyristökualdri, sbr. gr. 12.1. Einnig er tilvísun til gr. 12.9. breytt í tilvísun til gr. 12.4. og tilvísun 12.4. breytt í tilvísun til gr. 12.3. Sú breyting þarfnast ekki skýringar.

Gr. 12.11.

Lagt er til að grein 12.11 falli brott. Ákvæðið varðaði innleiðingu á heimild til töku hálf lífeyris, sbr. grein 12.10. Ákvæðið er því í eðli sínu bráðabirgðaákvæði sem gildi til 1. janúar 2020 og því er lagt til að það falli brott.

2.9 Breyting á gr. 13 – Örorkulífeyrir

Nýjar millifyrirsagnir í greininni fela eingöngu í sér formbreytingu og eru ætlaðar til að auðvelda lesanda samþykktanna að finna viðeigandi ákvæði.

Gr. 13.3.

Þriðji málsliður verður grein 13.4. Breytingin er ekki efnisleg og þarfnast ekki skýringar.



Gr. 13.4.

Lagt er til að greinin falli brott. Ákvæðinu hefur ekki verið beitt í framkvæmd enda er það mat sjóðsins að það sé mjög torvelt í framkvæmd.

Eins og fram kemur í skýringum við breytingu á grein 13.3 þá verður 3. málslíður þeirrar greinar grein 13.4.

Gr. 13.5

Tilvísun til gr. 13.4. er felld brott þar sem lagt er til að gr. verði felld brott úr samþykktum. Ekki er efnisbreytingu og þarfnast breytingin ekki skýringar.

Í a-lið er fjárhæð viðmiðunariðgjalds uppfærð í takt við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Þá er ákvæði varðandi tengingu við vísitölu sett inn í ákvæðið í stað ákvæðis í gr. 16.8 sem fellur brott. Um nánari skýringu er vísað til skýringar við gr. 16.8.

Í c-lið er orðinu „réttinda“ breytt í „iðgjalda“. Það er til samræmis við gr. 11.17 og gildandi framkvæmd því er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 13.6.

Lagt er til að seinni málslíður greinar 13.6 falli brott. Ákvæðinu hefur ekki verið beitt í framkvæmd enda yrði það torvelt í framkvæmd. Ákvæðið hefur ekki beina efnislega þýðingu og því er lagt til að það verði fellt brott.

Gr. 13.7

Fjárhæðir eru uppfærðar í takt við vísitölu neysluverðs og ákvæði varðandi tengingu við vísitölu sett inn í ákvæðið í stað ákvæðis í gr. 16.8 sem fellur brott. Ekki er um efnisbreytingu og þarfnast breytingin ekki skýringar.

Gr. 13.8.

Texti ákvæðisins er nýmæli. Því er ætlað að styrkja réttindastöðu sjóðfélaga sem hafa áður greitt iðgjöld til sjóðsins og áunnið sér rétt til framreiknings. Það mælir fyrir um að sjóðfélagar sem hafa öðlast rétt til framreiknings en gera hlé á greiðslum vegna ytri aðstæðna sem tilgreindar eru í ákvæðinu öðlist á ný rétt til framreiknings á sex mánuðum í stað þriggja ára skv. almennum reglum, sbr. gr. 13.5. Ákvæði þetta er sambærilegt ákvæði í samþykktum nokkurra annarra sjóða, t.a.m. Birtu og Gildi, nema þar er vísað til 24 mánaða í stað 36 mánaða í breytingatillögum.

Lagt er til að gildandi ákvæði gr. 13.8 falli brott. Ákvæði á ekki lengur við og ekki beitt í framkvæmd. Ákvæðið tengist eldra réttindakerfi LV sem var breytt fyrir allmörgum árum.

Gr. 13.10.

Örorkulífeyrir er reiknaður við úrskurð örorkulífeyris. Í grein 13.2. er mælt fyrir um að örorku skuli meta á þriggja ára fresti eða eftir mati trúnaðarlæknis. Það ákvæði er fullnægjandi til að tryggja rétta greiðslu örorkulífeyris og því er lagt til að seinni málslíður gr. 13.10 verði felldur brott.

Gr. 13.11.

Í stað þess að vísa til stjórnar er vísað til lífeyrissjóðsins varðandi heimild til að kalla eftir tilteknum gögnum vegna mats á tekjumissi. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.



Gr. 13.12.

Bætt er í ákvæðið tilvísun til gr. 13.8. um að við úrskurð um viðmiðunartekjur vegna mats á tekjuskerðingu vegna örorku skuli taka tillit til fjarveru sjóðfélaga af vinnumarkaði af ástæðum sem þar greinir.

2.10 Gr. 14 – Makalífeyrir

Nýjar millifyrirsagnir í greininni fela eingöngu í sér formbreytingu og eru ætlaðar til að auðvelda lesanda samþykktanna að finna viðeigandi ákvæði.

Gr. 14.1.

Lagt er til að áskilnaður um greiðslu iðgjalda í tiltekinn tíma sem skilyrði fyrir rétti til makalífeyris verði felldur brott. Það er í betra samræmi við gildandi framkvæmd LV sem og ýmissa annarra lífeyrissjóða svo sem Gildi og Birtu.

Gr. 14.2.

Með breytingunni er réttur til makalífeyris rýmkaður. Hann er nú að lágmarki 36 mánuði. Lagt er til að við þann rétt bætist hálfur makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar. Tilvísun til þess að fjárfélagi hafi ekki verið slitið fyrir andlátíð er felld brott enda kemur hún fram í grein 14.9. Því er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 14.4.

Bætt er inn ákvæði um að makalífeyrir vegna örorkustigs maka miði við stöðu hans við andlát sjóðfélaga. Eðlilegt er talið að skýrt komi fram að tryggingaverndin miði við forsendur sem eru til staðar við fráfall maka.

Gr. 14.7.

Orðinu „upphæð“ er breytt í „fjárhæð“. Ekki er um efnisbreytingu að ræða og hún þarfnast ekki skýringar.

Gr. 14.10.

Lagt er til að ákvæðið verði felld brott. Það á sér sögulega skýringu og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum en nú. Ekki er vitað til þess að ákvæðinu hafi verið beitt í framkvæmd.

2.11 Breyting á gr. 15 – Barnalífeyrir

Gr. 15.1.

Síðasta málsgrein fellur út því hún passar ekki við gildandi framkvæmd þar sem hún er frá þeim tíma þegar sá lífeyrissjóður sem síðast var greitt til sá um framreikning. Ákvæðið er því lagað að breytingum á samkomulagi lífeyrissjóða.

Þá er tilvísun til greinar 15.2 breytt í tilvísun til greinar 15.3 til samræmis við breytingu á þeim greinum.

Gr. 15.2. (áður grein 15.3)

Gr. 15.3 verður gr. 15.2. Tilfærslan er hugsuð til að gera efni greinarinnar aðgengilegra.



Greinin er einfölduð og síðasta málsgrein felld niður þar sem hún er á ekki lengur við í framkvæmd með sama hætti og málsliður sem felldur er brott í grein 15.1.

Þá er lagt til að á orðin: „sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt gr. 15.2“ falli út úr 1. málslið ákvæðisins. Ástæðan er að mælt er fyrir um fjárhæð barnalífeyris í grein 15.3. Fjárhæð barnalífeyris er sú sama hvort sem um andlát eða örorku sjóðfélaga er að ræða.

Gr. 15.3. (áður grein 15.2)

Gr. 15.2 verður að gr. 15.3. Breytingin er til að bæta skýrleika greinarinnar.

Fjárhæð barnalífeyris er sú sama vegna andláts og örorkulífeyris. Greinin er einfölduð og felld eru út skilyrðin um lágmarksfjárhæð framreiknings. Það er mjög sjaldgæft að iðgjöld séu það lág að þurfi að skerða barnalífeyri, 1 tilfelli á síðustu 5 árum. Einfaldara er að hafa skilyrðin að annaðhvort þurfi að ná 24 af síðustu 36 mánuðum eða ná framreikningi. Framreikningsfjárhæð er ekki af háum launum og þess vegna eru þau skilyrði ekki íþyngjandi sem skilyrði.

Fjárhæð barnalífeyris er uppfærð í takt við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Þá er ákvæði varðandi tengingu við vísitölu sett inn í ákvæðið í stað ákvæðis í gr. 16.8 sem fellur brott. Um nánari skýringu er vísað til skýringar við gr. 16.8.

Gr. 15.5.

Barnalífeyrir vegna andláts er greiddur á reikning barns. Á umsókn um barnalífeyri skal tilgreina bankareikning barns. Barnalífeyrir sem er tilkominn vegna örorku sjóðfélaga er greiddur sjóðfélaganum. Breytingin er til samræmis við lögfræðiálit sem unnið hefur verið á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða.

2.12 Breyting á gr. 16 – Tilhögun lífeyrisgreiðslna

Gr. 16.1.

Með breytingunni er verið að bregðast við þróun á rafrænum þjónustuleiðum.

Gr. 16.7.

Með breytingunni er ákvæðið gert skýrara og fært til samræmis við breytingar á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða. Þá er mælt fyrir um að fjárhæðin taki breytingum í takt við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar með sama hætti og ýmsar aðrar fjárhæðir í samþykktunum, sjá nánar í skýringu við grein 16.8.

Sjóðurinn greiðir þá út eingreiðslu sem er reiknuð þannig að réttindi sjóðfélagans eru margfölduð með 12 og einnig margfölduð með stuðli sem kemur fram í töflu sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins reiknar. Stuðullinn tekur mið af aldursári og aldursmánuði viðkomandi sjóðfélaga. Ef eingreiðslan er greidd fyrir eða eftir 67 ára aldur breytist hún samkvæmt töflu II í viðauka A.

Gr. 16.8.

Lagt er til að ákvæðið falli brott. Í stað þess er mælt fyrir um hækkun fjárhæða, í takt við þróun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, í þeim greinum sem þær koma fram. Með því eru samþykktirnar einfaldari í lestri.



Samhliða þessum breytingum eru fjárhæðir í samþykktum uppfærðar miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2022, þ.e. 513 stig. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Jafnframt eru gerðar breytingar á greinum 19.3.2., 20.4.1 og 20.4.2 sem fjalla allar um eingreiðslu séreignarsparnaðar. Fjárhæðin er tilgreind í kr. 500.000 í reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og mælt fyrir um að hún skuli breytast árlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Til að auka skýrleika samþykktanna er fjárhæðin uppreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2022, 513,0 stig. Fjárhæðin tekur svo áfram breytingum m.v. þróun vísitölnunnar og því er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 16.9.

Lagt er til að ákvæðið verði felld brott. Því hefur aldrei verið beitt í framkvæmd. Það er mat sjóðsins að það hafi ekki praktískan tilgang. Það er ekki vitað til þess að ákvæði sem þessu sé beitt í framkvæmd í öðrum lífeyrissjóðum. Breytingin er sambærileg við breytingu á ákvæði 19.3.1.

2.13 Breyting á gr. 17 – Endurgreiðsla iðgjalda

Gr. 17.1.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða en breytingarnar eru til þess fallnar að gera ákvæðið skýrara.

2.14 Breyting á gr. 19 – B deild, séreignardeild

Gr. 19.3.1.

Lagt er til að b-liður greinarinnar verði felldur brott og greining verði einfölduð. Brottfall b-liðar sem felur í sér heimild til útgreiðslu séreignar sem lífrentu er sambærileg breytingu á grein 16.9. Heimildinni hefur aldrei verið beitt. Það er mat sjóðsins að liðurinn hafi ekki praktískan tilgang og ekki er vitað til þess að ákvæði sem þessu sé beitt í öðrum lífeyrissjóðum. Efni a-liðar er einfaldað og þarfnast breytingin ekki skýringar.

Gr. 19.3.2

Lagt er til að greinin verði felld brott. Efni hennar kemur fram í grein 19.3.1.

Gr. 19.3.3. (verður gr. 19.3.2.)

Breytingin á greininni er í þeim tilgangi að gera ákvæðið skýrara og er breytingin til samræmis við gildandi framkvæmd og ákvæði ýmissa annarra lífeyrissjóða.

Orðinu „endurgreiðslutíma“ er breytt í „útgreiðslutíma“. Það er til skýringar og í samræmi við annað orðalag ákvæðisins, en felur ekki í sér efnisbreytingu.

Þá er eingreiðslufjárhæð uppfærð m.t.t. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og orðalag lagfært. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 19.3.4. (verður gr. 19.3.3.)

Tilvísun til gr. 19.3.1.b. er felld brott þar sem tilvitnað ákvæði er felld brott. Einnig er bætt við tilvísun í dánarbú í samræmi við lög nr. 129/1997 með síðari breytingum.



Gr. 19.4.

Tilvísun til C-deildar er felld brott. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem um samsvarandi ákvæði er að ræða í C-deild, sbr. gr. 20.5.

2.15 Breyting á gr. 20 – C deild, tilgreind séreign

Gr. 20.2.

Tilvísun til samtryggingardeildar er breytt í tilvísun til sameignardeildar. Verið er að samræma hugtakanotkun, ekki er um efnisbreytingu að ræða og breytingin þarfnast ekki skýringar.

Gr. 20.4.1

Eingreiðslufjárhæð er uppfærð m.t.t. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og orðalag lagfært. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 20.4.2.

Breytingin er til skýringar, í samræmi við gildandi framkvæmd og ákvæði ýmissa annarra lífeyrissjóða.

Orðinu „endurgreiðslutíma“ er breytt í „útgreiðslutíma“. Það er til skýringar og í samræmi við annað orðalag ákvæðisins, en felur ekki í sér efnisbreytingu.

Þá er eingreiðslufjárhæð uppfærð m.t.t. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og orðalag lagfært. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Gr. 20.4.3

Bætt er við tilvísun í dánarbú í samræmi við lög nr. 129/1997, með síðari breytingum.

2.16 Breyting á gr. 21 – Upplýsingaskylda

Gr. 21.1 og 21.2

Lagt er til að ákvæði 21.1 verði felld brott þar sem það er óþarfi að hafa það í samþykktum. Þá má benda á að rafrænar dreifleiðir eru nýttar í auknum mæli við upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

Lagt er til að tilvísun sem var í grein 21.1 haldi sér en verði núgildandi grein 21.2 sem verður grein 21.1 þar sem fyrri greinin fellur brott.

2.17 Gr. 24 – Breytingar á samþykktum

Gr. 24.1

Tilvísun til annars ákvæðis í samþykktum er breytt úr grein 2.1 í grein 2.2. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur lagfæringu á tilvísun.

2.18 Gr. 25 – Gildistaka

Gr. 25.1.

Til áréttingar er bætt við tilvísun til fulltrúaráðs. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.



Gr. 25.2.

Breytingin þarfnast ekki skýringar.

Gr. 25.3.

Breytingin er til áréttingar og þarfnast ekki skýringar.

2.19 Nýtt ákvæði til bráðabirgða

Við upptöku nýrrar töflu I í viðauka A lækka réttindi vegna framreiknings þeirra sem úrskurðaðir verða á örorkulífeyri eins og önnur réttindi samkvæmt töflunni. Til þess að milda áhrif þessara breytinga er lagt til að framreiknuð réttindi samkvæmt réttindatöflu verði hækkuð um 6% árið 2023, en hækkunin lækki svo um 2 prósentustig á ári og falli brott árið 2026.

3 Um viðauka A – Réttindatöflur I og II, réttindaávinnsla

Viðauki A hefur verið uppfærður með nýjum réttindatöflum I og II sem koma í stað eldri taflna nr. I til IV. Um gildistöku er vísað til gr. 25. Breytingarnar skýrast af texta í viðauka A.

4 Um viðauka B – Breyting á áunnum lífeyrisréttindum

Í viðauka B er í 5. og 6. tölulið gerð grein fyrir breytingu á áunnum réttindum.

Í 5. tölulið er mælt fyrir um hækkun áunninna réttinda um 12%, jafnt fyrir alla árganga. Hækkunin leiðir af sterkri tryggingafræðilegri stöðu sameignardeildar og er áþekkt hækkunum árána 2006, 2007 og 2021, sbr. tölulið 1, 2 og 4.

Í 6. tölulið er fjallað um innleiðingu nýrra dánar- og eftirlífendataflna sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021 og þær breytingar á áunnum réttindum sem gerðar verða vegna innleiðingarinnar. Í töflum er annars vegar gerð grein fyrir lækkuðum áunnum breytinga eftir aldri og hins vegar er gerð grein fyrir heildaráhrifum breytinga á áunnum réttindum sem leiða af 5. og 6. tölulið viðaukans.

4.1 Nánar um útfærslu réttindabreytinganna

Alla 20. öldina hefur meðalævilengd sífellt verið að aukast hjá nær öllum þjóðum og hópum. Það gildir einnig á Íslandi. Þetta veldur því að tímabilið frá lífeyristöku til dánardags er sífellt að lengjast. Þar með þurfa eignir lífeyrissjóðanna að endast lengur en áður og þar sem lífeyririnn dreifist á lengri tíma verður minni fjárhæð til ráðstöfunar á hverju ári.

Þrátt fyrir þessa þróun hafa Íslendingar til þessa notast við svonefndar dánar- og eftirlífendatöflur (einnig kallaðar lífslíkutöflur) sem gera ráð fyrir því að dánartíðni verði eins um alla framtíð eins og hún hefur verið á undanförunum árum.

Í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar dánar- og eftirlífendatöflur með spá um lækkuð dánartíðni. Mat á lífslíkum sjóðfélaga er ein mikilvægasta forsendan við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða og er auk þess mikilvæg til að tryggja að jafnræði ríki á milli aldurshópa hjá sjóðunum. Sé ekki stuðst við lífslíkur með framtíðarspá er hætta á að



skuldbindingar þeirra yngri séu vanmetnar meira en skuldbindingar eldri sjóðfélaga. Framtíðarspá sem tekur tillit til lækkandi dánartíðni er því forsenda þess að tryggja kynslóðajafnræði meðal sjóðfélaga.

Nýjar dánar- og eftirlifendatöflur gera ráð fyrir því að árið 2045 geti 67 ára karlar að jafnaði átt ólífudu tæplega 20,3 ár og jafngamlar konur rúmlega 21,6 ár. Þetta er 15,6% lengri lífeyrisaldur hjá körlum og 10,7% lenging hjá konum frá líftöflum sem byggja á reynslu áráanna 2014 – 2018, miðað við lífeyristökualdur 67 ára.

Ef ekkert yrði að gert myndi það þýða að núverandi réttindatöflur gæfu væntingar um of mikinn lífeyri og því myndi sjóðurinn lenda í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt þeim. Rétt er að undirstrika að með réttindatöflum er átt við vænt réttindi miðað við þær tryggingafræðilegu forsendur sem að baki liggja, en lífeyrir sem til greiðslu kemur ákvarðast af stöðu sjóðsins. Þannig hefur stundum þurft að lækka lífeyri vegna efnahagsáfalla, til dæmis hjá mörgum lífeyrissjóðum eftir fjármálakreppuna árið 2008, en jafnframt hafa sjóðfélagar notið góðrar afkomu sjóðsins með hækkun lífeyris og auknum réttindum, síðast árið 2021. Þess vegna er eðlilegt að skilja réttindatöflur sem „töflur um vænt réttindi“. Ef forsendur breytast, til dæmis þannig að ávöxtun verði meiri eða minni en forsendur gera ráð fyrir verður lífeyrir til framtíðar í samræmi við stöðu sjóðsins hverju sinni.

Með gömlu dánar- og eftirlifendatöflunum urðu á nokkurra ára fresti breytingar á stöðu lífeyrissjóðanna miðað við nýjustu töflur til hins verra sem vó þannig upp á móti ávöxtun umfram staðalforsendur, sem ella hefðu leitt til meiri lífeyris. Með hinum nýju töflum um lífslíkur sem spá fyrir um þróun lífaldurs er ólíklegra en ella að grípa þurfi til svo róttækara aðgerða í framtíðinni, þótt aldrei sé hægt að útiloka slíkt. Lífslíkur gætu batnað hraðar en líkönin gera ráð fyrir, eða áföll eins og heimsfaraldur gætu orðið til þess að þær versnuðu.

Það bitnar á yngri sjóðfélögum ef ekkert er að gert. Jafnframt þýðir það að framtíðarsjóðfélagar myndu fá meiri réttindi en vænta má að sjóðurinn geti staðið undir. Þannig skerðist réttur núverandi sjóðfélaga. Því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Ávinnsla væntra réttinda verður hægari en nú, þannig að annað hvort verður sjóðfélaginn að vinna lengur til þess að fá sama ellilífeyri og nú eða fá minni ellilífeyri miðað við sama lífeyristökualdur. Rétt er að benda á að í raun er ekki til neinn viðmiðunar lífeyrisaldur og sjóðfélagar hafa rúman rétt til þess að hefja töku ellilífeyris á breiðu aldursbili eða frá 60 til 80 ára. Lífeyririnn á ári hverju er hærri eftir því sem lífeyristökualdurinn er hærri. Réttindatöflurnar miða við töku lífeyris við 67 ár eins og verið hefur. Nauðsynlegt er að í samþykktum séu settar fram reglur um hvernig haga skuli slíkum breytingum með það að leiðarljósi að þær séu sanngjarnar og gæti jafnræðis sjóðfélaga gagnvart breyttum aðstæðum. Í viðauka við samþykktirnar, en viðaukinn er hluti samþykktanna.

Aðferðin sem stjórn sjóðsins leggur til byggir á því að jafnræði verði milli aldurshópa við breytinguna, þannig að verðmæti réttinda hvers um sig haldist óbreytt þegar nýtt kerfi er tekið upp. Aðferðinni er lýst í 2. mgr. viðauka B. Hér á eftir er gerð grein fyrir hverjum þætti um sig.



Grein 11.1. í samþykktunum segir frá því að vænt réttindi eru reiknuð annars vegar út frá iðgjöldum og hins vegar réttindatöflum sem birtar eru í viðauka A. Þær byggja á tryggingafræðilegum forsendum. Töflurnar eru reiknaðar út frá ákveðnum viðmiðunardri og miðað er við 67 ár eins og verið hefur hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Töflurnar gefa til kynna væntan ellilífeyri miðað við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar.

Um endurreikning áunninna réttinda Í 6. tölulið viðauka B er vísað til þess að forsendur fyrir breyttri réttindaávinnslu lífeyris í A-deild lífeyrissjóðsins byggja á nýjum dánar- og eftirlífendatöflum sem lagðar eru til grundvallar við tryggingafræðilega athugun í árslok 2021. Vísað er til þess að endurreikningur áunninna réttinda fari eftir a- og b lið viðaukans.

Um a-lið:

Í a-lið er fjallað um breytingu á áunnum skuldbindingum allra lífeyrisþega nema barnalífeyrisþega (fjárhæð barnalífeyris er tiltekin krónutala) ásamt skuldbindingum vegna annarra sjóðfélaga sem náð hafa 65 ára aldri. Hér er mælt fyrir um það hvernig endurreikna skuli vænt réttindi vegna nýrra dánar- og eftirlífendataflna. Þá eru áður uppsöfnuð vænt réttindi reiknuð eins og lýst er hér á eftir.

Réttindi þessa hóps, sem vísað er til í málsgreininni hér að ofan, eru reiknuð með gömlum og nýjum lífslíkum. Samkvæmt gömlum lífslíkum er áfallin skuldbinding vegna þessa hóps 32,4% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Réttindin samkvæmt nýju líkunum eru minni, en þegar útreikningi er lokið eru þau endurreiknuð þannig að þau verði áfram 32,4% af áfallinni skuldbindingu eins og áður. Heildarverðmæti réttinda hópsins samkvæmt áfallinni skuldbindingu er því það sama, fyrir og eftir breytingarnar, en vegna nýrra dánar- og eftirlífendataflna lækka réttindin því fjárhæðin þarf að endast lengur. Réttindin eru ákveðin sem fyrri réttindi margfölduð með hlutfallinu sem fæst samkvæmt nýjum og gömlum forsendum.

Um b-lið:

Í b-lið er mælt fyrir um hvernig reikna skuli áfallnar skuldbindingar annarra en tilgreindir eru í a-lið, að frátöldum barnalífeyrisþegum. Aðferðin er sambærileg við a-lið, þó þannig að hér er horft á hvern árgang fyrir sig og eru heildarverðmæti hvers árgangs þau sömu samkvæmt áfallinni skuldbindingu, fyrir og eftir breytingarnar. Réttindin breytast mismikið í samræmi við útreiknuð réttindi hvers árgangs fyrir sig. Árgangurinn heldur því sömu fjárhæð bakvið sín réttindi og áður, en vegna nýrra dánar- og eftirlífendataflna lækka réttindin því fjárhæðin þarf að endast lengur. Réttindin eru ákveðin sem fyrri réttindi margfölduð með hlutfallinu sem fæst samkvæmt nýjum og gömlum forsendum fyrir hvern árgang um sig. Réttindin breytast mest hjá yngstu aldurshópunum vegna þess að forsendurnar gera ráð fyrir að líf þeirra lengist mest.

- - -

